

Aðalfundur Handís 11. júní 2010

haldinn í Borgartúni 6

Mættir: Benedikt Jóhannsson, Björg Guðmundsdóttir, Björg Karlsdóttir, Elín Elísabet Halldórsdóttir, Ella Kristín Karlsdóttir, Hallveig Finnbogadóttir, Ingibjörg Ásgeirsdóttir, Kolbrún B. Ragnarsdóttir, Ólöf Unnur Sigurðardóttir, Ragnheiður Sverrisdóttir, Sigríður Hrönn Bjarnadóttir, Unnur Heba Steingrímsdóttir. Sigrún Toby Herman formaður boðaði forföll

Fundur settur.

Ragnheiður Sverrisdóttir skipað fundarstóri og Björg Guðmundsdóttir ritari.

1. Skýrsla stjórnar

Ólöf unnur las upp skýrslu stjórnar fyrir hönd formanns. Haldnir voru fjórir stjórnarfundir á liðnu starfsári og var einn þeirra með fræðslu- og kynningarnefnd.

Nóvemberfundur Handís var haldinn 26.nóvember, boðið var upp á "*Systemisk spjallkaffé*"; Guðrún Einarsdóttir ræddi um handleiðslu við Ellu Kristínu Karlsdóttur.

Samvinna hefur verið við Félag fagfólks í fjölskyldumeðferð varðandi fræðslu. Félagsmönnum Handís var boðið að koma á fyrirlestur hjá FFF 5.nóvember 2009 þar sem Hákon Hårtvet kennslustjóri við fjölskyldumeðferðarnám á Diakonhjemmets høyskolesenter í Oslo var með innlegg um parameðferð, en hann kom til Reykjavíkur á vegum náms í fjölskyldumeðferð. Jaakko Seikkula Ph.D kom einnig til að kenna í fjölskyldumeðferðarnáminu. Handís og FFF tóku sig saman og fengu hann til að vera með námskeið um samræður í alvarlegum lífskreppum og handleiðslu, sem var haldið í Norræna húsinu þann 10 apríl. Ellefu félagar í Handís sóttu námskeiðið.

FFF bauð félögum Handís að vera með á málþingi í Skálholti þann 3. og 4. júní. Fjórir félagar Handís sóttu málþingið.

Stjórnin ásamt fulltrúum fræðslu- og kynningarnefndar hefur fjallað um fyrirspurn frá Vinnuumhverfisnefnd KÍ varðandi möguleika á handleiðslu fyrir félagsmenn.

2. Skýrslur nefnda.

Námsmatsnefnd; einn nýr félagsmaður var metinn inn á árinu.

Siðanefnd; ekkert erindi barst á árinu

Fræðslu- og kynningarnefnd; nefndarmenn hafa ásamt stjórn tekið þátt í viðræðum við fulltrúa frá Kennarasambandinu (umhverfis-og vinnuverndarnefnd) varðandi möguleika á handleiðslu fyrir félagsmenn. Nánar rætt undir önnur mál.

3. Lagabreytingar.

Engar tillögur að lagabreytingum bárust fyrir auglýst tímamörk.

4. Skýrsla gjaldkera.

Gjaldkeri gerði grein fyrir ársreikningi og var hann samþykktur.

5. Kosning formanns.

Engin framboð í sæti formanns bárust og situr Sigrún Tóby því áfram.

6. Kosning í stjórn.

Úr aðalstjórn áttu að ganga einn aðalmaður og einn varamaður. Ólöf Unnur gjaldkeri og Unnur Heba varamaður gáfu kost á sér áfram. .

7. Ákvörðun árgjalds.

Óbreytt árgjald kr. 3.000,- var samþykkt.

Önnur mál.

Kolbrún Ragnarsdóttir sagði frá viðræðum við fulltrúa frá vinnuverndarnefnd KÍ varðandi aðkomu Handís að handleiðslu fyrir meðlimi sambandsins og kynningu á handleiðslu fyrir skólastjórnendur. Fulltrúar úr stjórn og fræðslunefnd voru boðaðir á fund með ofangreindum aðilum 30. apríl síðastliðinn. Málið var síðan tekið til umræðu á stjórnarfundum Handís og m.a. ákveðið að kynna það á aðalfundinum. Rætt hefur verið um að fyrsta skrefið sé að útbúa fræðsluefni og gera lista yfir félagsmenn sem hafa áhuga á að taka þátt í slíku verkefni. Einnig þyrfti á fá betri upplýsingar um hverjar séu óskir og þarfir hópsins, hversu umfangsmikið verkefnið er o.fl. Fræðslunefnd og stjórn mun skoða þetta áfram og boða síðan félagsfund í haust þar sem þetta verður til umfjöllunar.

Júní 2010.

Björg Guðmundsdóttir

Að loknum aðalfundarstörfum flutti Ásdís Olsen aðjúnkt við Háskóla Íslands – Menntavísindasviði fyrirlestur um jákvæða sálfræði og mindfulness. Fyrirlesturinn bar yfirskriftina **Hamingjan sanna** og hlaut hann góðar undirtektir fundargesta.